

Foldaskóli 2025-2026 - 9. bekkur

Kennsluáætlun – Danska

Kennarar: Erla Sigurþórsdóttir - erla.sigurthorsdottir@rvkskolar.is

Karen Björk Guðjónsdóttir - karen.bjork.gudjonsdottir@rvkskolar.is

Námsefni: *Smil* lesbók og *Smil* vinnubók A og B ásamt völdum síðum úr *Dejlige Danmark* og vinnubók, smásögur/skáldsögur, málfræðiverkefni og annað ítarefni af netinu eða frá kennara auk danskra kvikmynda. Heimasíða dönskukennara í Foldaskóla er með tenglum á flest allt námsefnið ásamt öðrum gagnlegum tenglum er að finna á þessari vefslóð: <https://sites.google.com/gskolar.is/danska-foldaskoli/heim>

Nám og kennsla: Nám í dönsku byggir á færniþáttunum fjórum, lesskilning, hlustun, ritun og töluðu máli. Unnið er jafn og þétt með alla færniþætti og byggt ofan á þann orðaforða sem nemendur hafa á málinu en málfræði fléttuð inn í kennsluna. Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni, ýmist einstaklings-, para- eða hópaverkefni. Nýttir eru ýmsir miðlar í kennslu á netinu svo sem Classroom og quizlet.com og annað efni af netinu auk hefðbundinna námsleikja og hlutverkaleikja. Nemendur geta farið inn á Quizlet vef 9.bekkjar hér á þessari slóð: <https://quizlet.com/join/nEpfvmaeF> en þar er að finna glósur úr flestum síðum sem við vinnum með í námsbókunum.

Námsmat: Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011/2013). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í hæfnikorti nemenda. Í dönsku eru námsmatsverkefni fjölbreytt s.s. í formi prófa, kannana, ritunarverkefna, veggmyndagerðar, viðtala, umræðuþátta samtala, kynningar, hlutverkaleikja og stuttmyndagerðar.

Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn og vinni þá heimavinnu sem lögð er fyrir hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta. Orðabækur eru aðgengilegar í skólanum, en æskilegt er að nemendur hafi aðgang að orðabókum heima. Ókeypis orðabók fyrir norðurlandamálín er að finna á þessum vef: <https://islex.arnastofnun.is/is/>. Gangi ykkur vel.

Haustönn

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
- samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. - skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. - lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.	Lota 1 - Den farlige verden (5 – 6 vikur) <i>Lestur:</i> <i>Smil</i> – lesbók bls. 14 – 19 og 21 - 22 og 25 ásamt verkefnum í vinnubók. Smásaga <i>Málfræði:</i> Fornöfn og spurnarorð <i>Hlustun:</i> Æfingar í <i>Smil</i> vinnubók og tónlist <i>Talað mál:</i> ýmsar talæfingar frá kennara og námsleikir	- Ritun: bls. 19 í lesbók. Skilað inn á Classroom stílabók. - Verkefni: Hópaverkefni um hræðslu í formi viðtals eða umræðuþátta sem nemendur taka upp og skila á Classroom. - Próf úr efni lotunnar

• tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum. • tekið þátt í samvinnu og sýnt öðrum tillitssemi • undirbúið, tekið og veitt viðtal • Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu. • Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda orðaforða sem unnið hefur verið með og gert verkefni út frá þeim • Fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu	Myndin Karla og Jonas sýnd.	Ritun út frá mynd.
• samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. • skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. • fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. • tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. • beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara. • bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.	Lota 2 - Tøj og tilbehør (6- 7 vikur) • <i>Lestur: Smil</i> – lesbók bls. 26, 28 -31, 34 – 36 og bls. 39 ásamt verkefnum í vinnubók. • Málfræði: Lýsingarorð • Hlustun: Æfingar í Smil vinnubók og kvikmynd sýnd • Talað mál: Ýmsar talæfingar frá kennara og námsleikir	• Ritun bls. 29 og 34 skilað á Classroom • Verkefni tengd áhorfi á kvikmynd • Auglýsing – veggmynd hópverkefni. • Talverkefni • Próf úr smásögu/skáldsögu • Próf úr efni lotunnar bæði efni beint úr bók og efni sem byggir á orðaforða sem unnið hefur verið með en ekki textar beint úr bók.

• lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra. • Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu. • skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum, dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. • fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. • skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins. • hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.		
• skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. • notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal. • tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.	Lota 3 – Læs se og hør (5 – 6 vikur) • <i>Lestur: Smil</i> – lesbók bls. 40 -43, 46 – 47 og 49 - 51 ásamt verkefnum í vinnubók. • Málfræði: Lýsingarorð • Hlustun: Æfingar í Smil vinnubók og kvikmynd sýnd • Talað mál: ýmsar talæfingar frá kennara og námsleikir	• Ritun bls. 47 Skilað á Classroom. • Viðtal um uppáhaldskvikmynd – tekið upp og skilað til kennara í gegnum classroom. • Munnlegt próf þar sem tveir til þrír nemendur tala saman um áhugamál sín. • Próf úr efni lotunnar

Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér við verkefnavinnu.		
--	--	--

Vorönn

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
- skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. - flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. - tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. - beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara. - flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu. - lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra. - sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. - sýnt að hann þekkir nokkuð vel til ytri umgjarðar menningarsvæðisins s.s. landfræðilegrar legu, staðháttar og þekktra staða.	Lota 1 - <i>Smil</i> (Vorönn) - Lesefni: <i>Smil - lesbók</i> bls. 72 - 77 og 82 og verkefni í vinnubók sem fylgja og valið efni úr <i>Dejlige Danmark</i> ásamt ítarefni frá kennara. <i>Smásaga</i> - Málfræði: <i>Sagnorð</i> - Hlustun: <i>Æfingar í Dejlige Danmark</i> og <i>Smil vinnubókum</i> og sýndir danskir þættir - Talað mál: ýmsar talæfingar frá kennara og námsleikir	- Ritun bls. 79, skila inn á Classroom. - Stuttmyndagerð - Kynning á t.d. stað í Danmörku. Glærum skilað á Classroom og síðan kynntar í tíma. - Próf úr smásögu - Próf úr efni lotunnar bæði efni beint úr bók og efni sem byggir á orðaforða sem unnið hefur verið með en ekki textar beint úr bók.

• Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu. • skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum, dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. • fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. • skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins. • hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum		
--	--	--